

Sveitarfélagið Hornafjörður
skipulagsstjóri
Gunnlaugur Róbertsson
skipulag@hornafjordur.is

Akureyri, 01.07.2019

Varðar: Sveitarfélagið Hornafjörður, aðalskipulagsbreyting Skaftafelli III og IV - umsögn Skógræktarinnar.

Með bréfi dagsettu 14. maí sl., er óskað eftir umsögn Skógræktarinnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi fyrir Skaftafell III og IV. Aðalskipulagsbreytingin felst m.a í því að landnotkun á svæðinu er breytt úr landbúnaðarlandi og skógræktar- og landgræðslusvæði, í verslunar- og þjónustusvæði.


Skógræktin setur sig ekki upp á móti fyrirhuguðum breytingum á landnotkun í Skaftafelli III og IV.

Skógræktin notar tækifærið og minnir á bréf sent sveitarstjórn svf. Hornafjarðar þann 20. júní sl. Þar óskaði Skógræktin eftir samstarfi við svf. Hornafjörð í sambandi við landshlutaáætlanir í skógrækt, en tilgangur þeirra er að:

- tilgreina skóga og skógræktarsvæði innan sveitarfélaganna auk annarra svæða sem leggja skuli áherslu á í skógrækt
- fjalla um aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum og lagasetningu
- fjalla um hvernig samstarfi við sveitarfélögin um skógrækt verði háttað

Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki fyrir aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum. Það er brýnt að skipuleggja hvar binding kolefnis í gróðri og jarðvegi á landbúnaðar-, skógræktar- og landgræðslusvæðum eigi að fara fram.

Virðingarfyllst,
f.h. Skógræktarinnar,



Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi

hrefna@skogur.is

Gamla Gróðrarstöðin,
Krókeyri 600, Akureyri
gsm. 626-1016